

Stuðull verkfræði- og jarðfræðipjónusta
Björn Jóhann Björnsson
Reykjavíkurvegi 68
220 Hafnarfjörður

2001110043
2000; 9710; 9310

Reykjavík, 28. janúar 2002
/ÞFP

Efni: Bygging nýrrar sorpbrennslu-, móttöku- og flokkunarstöðvar við Helguvík, Reykjanesbæ og bygging nýrra öskuhauga á Stafnesi, Sandgerðisbæ . Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja að tillögu að matsáætlun vegna byggingar nýrrar sorpbrennslu-, móttöku- og flokkunarstöðvar við Helguvík og byggingar nýrra öskuhauga á Stafnesi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 20. desember 2001 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. Endurnýjun sorpförgunarkerfis á Suðurnesjum. Bygging nýrrar sorpbrennslu-, móttöku- og flokkunarstöðvar við Helguvík og bygging nýrra öskuhauga á Stafnesi. Tillaga að matsáætlun. Stuðull, verkfræði- og jarðfræðipjónusta. Desember 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemd frá eftirtöldum aðilum:

Reykjanesbæ með bréfi dags. 10. janúar 2002, Sandgerðisbæ með bréfi dags. 17. janúar 2002, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins með bréfi dags. 14. janúar 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 4. janúar 2002,

Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 7. janúar 2002, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 7. janúar 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfum dags. 8. og 23. janúar 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 9. janúar 2002. Athugasemd barst frá Páli Arnóri Pálssyni hrl. f.h. eigenda Stafnesbæja með bréfi dags. 14. janúar 2002.

Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemdar með bréfum dags. 8., 14., 16., 18. og 22. janúar 2002.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 8., 14., 16., 18. og 22. janúar 2002 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd, starfsemi sem henni fylgir og framkvæmdasvæði

Bygging sorpbrennslu-, móttöku- og flokkunarstöðvar við Helguvík.

Leyfi. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og drögum að starfsleyfi samkvæmt 15. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Drög að starfsleyfi fyrir sorpbrennslu-, móttöku og flokkunarstöð við Helguvík og urðunarstað á Stafnesi þurfa að liggja fyrir við matsvinnuna og fjalla þarf í matsskýrslunni á viðeigandi hátt um þær upplýsingar sem fram koma við undirbúning að gerð starfsleyfisins.

Í kafla 2.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að framkvæmdin felst í endurnýjun á sorpförgunarkerfi Suðurnesja og í kafla 5.2 að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja hafi tekið við sorpi frá Varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og sveitarfélögunum á Suðurnesjum.

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um sorpbrennslustöðina, urðunarstaðinn og þann úrgang sem þangað verður fluttur en ekki er þar getið sérstaklega um flutningaleiðir t.d. af Keflavíkurflugvelli. **Hollustuvernd ríkisins** bendir á að stofnunin telji þörf á að geta með hvaða hætti flutningum verður háttað til brennslustöðvar og urðunarstaðarins, þ.m.t. hvort ástæða eða rök séu fyrir því að skoða aðrar flutningaleiðir sem verði aðskildar frá flutningsleiðum til og frá matvælafyrirtækjum og gera grein fyrir hávaða frá urðunarsvæðinu og flutningum úrgangs um Sandgerði.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu skuli fjalla um með hvaða hætti flutningum verður best háttað til brennslustöðvarinnar og urðunarstaðar í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og gera grein fyrir hávaða frá urðunarsvæðinu og flutningum úrgangs um Sandgerði.

Í kafla 6.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um sorpbrennslustöðina og umhverfiskröfur sem

til sorpbrennslustöðvar eru gerðar og vísað til reglugerða nr. 807/1999 og 808/1999 um sorpbrennslustöðvar. Í umsögn **Hollustuverndar ríkisins** og **Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja** kemur fram að nauðsynlegt sé að í mati á umhverfisáhrifum verði tekið mið af kröfum brennslutilskipunar Evrópusambandsins 2000/76/EC, þrátt fyrir að hún hafi ekki tekið gildi formlega hér á landi. Í umsögn **Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja** kemur fram að mikilvægt sé að gerð verði grein fyrir tæknilegum atriðum er varða brennslustöðina og hreinsivirki hennar, einkum þeim þáttum er hafi áhrif á myndun og útblástur mengandi efna. Einnig er bent á að í matsskýrslu verði bakgrunnsgildi fyrir þungmálma, díoxín og önnur þrávirk efni í jarðvegi umhverfis fyrirhugaða stöð kortlögð og gerð grein fyrir áætlun um umhverfisvöktun.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt í ljósi framangreindra umsagna að það komi skýrt fram í lýsingu á brennslustöðinni í matsskýrslu að hún uppfylli kröfur brennslutilskipunar Evrópusambandsins 2000/76/EC. Gera verði almenna grein fyrir sorpbrennslustöðinni og hreinsibúnaði hennar. Fram komi niðurstaða samráðs við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja þar sem því hefur verið kynnt nánar tæknileg útfærsla í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar við matsáætlunina. Kynnt verði vöktunaráætlun samkvæmt drögum að starfsleyfi.

Í kafla 9 í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir gerð og flokkun úrgangs. **Hollustuvernd ríkisins** bendir á að nauðsynleg sé nánari skilgreining á úrgangi, hvað muni fara í brennslu og hvað í endurvinnslu og einnig umfjöllun um aðrar leiðir til förgunar úrgangs.

Skipulagsstofnun telur æskilegt að í matsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir gerð og flokkun úrgangs og förgunarleiðum. Fjallað verði um hvort og þá hvaða áhrif aðrar endurnotkunar- eða endurvinnsluleiðir en brennsla, s.s. fyrir rúllubaggaplast, dekk, umbúðaúrgang o. fl. kunna að hafa fyrir rekstrarforsendur sorpbrennslustöðvarinnar.

Framkvæmd, starfsemi sem henni fylgir og framkvæmdasvæði

Bygging nýrra öskuhauga á Stafnesi

Í kafla 2.6 er fjallað um tengiveg frá enda Stafnesvegur að núverandi urðunarstað á Stafnesi og sýnd ónákvæm staðsetning hans á yfirlitskorti.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar bendir á að við veltengingu að urðunarsvæðinu verði tekið tillit til fornminja, gönguleiða og merkilegra grjóttgarða á svæðinu og að svæðið við Stafnes, að Gálga og Ósabotnum sé talið viðkvæmt hvað þetta varðar. Einnig er lögð áhersla á að hönnu á aðkomu að urðunarsvæðinu verði með þeim hætti að sjónmengun verði í lágmarki þegar farið er um svæðið. **Páll Arnór Pálsson hrl.** bendir auk þess á mögulega aðra legu vegarins sem betri kost með tilliti til landnýtingar í landi Stafnesbæja.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu verði að gera grein fyrir legu tengivegar að urðunarstaðnum og bera saman kosti í legu hans svo sem fram hefur komið í athugasemd og meta áhrif mismunandi kosta meðal annars með tilliti til annarrar landnýtingar, útivistar og fornminja. Þá verði einnig gerð grein fyrir því hvort þessi vegur verði hluti af hugsanlegum vegi er liggja fyrir

Ósabotna, sem fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að allt bendi til og ef svo er hvaða áhrif það muni hafa t.d. á umferð um veginn og áhrif hennar á umhverfið.

Í kafla 3.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að mat á umhverfisáhrifum nái til I. og II. hluta urðunarsvæðisins. **Hollustuvernd ríkisins** telur rétt að matið nái til urðunarsvæðisins í heild, þar sem búið sé að ráðstafa landinu undir urðun úrgangs. Í svörum **framkvæmdaraðila** kemur fram að áætlað rúmmál til urðunar í I. og II. hluta ætti að duga í meira en 50 ár. Það sé töluverð vinna að hanna urðunarstaði og framkvæmdaraðili telji ekki eðlilegt að fjárfesta í hönnun og mati á umhverfisáhrifum á svæði III skv. forsendum sem í dag gilda um urðun, mat á umhverfisáhrifum og umhverfislegar viðmiðanir.

Skipulagsstofnun fellst á að nægilegt sé að meta á þessu stigi umhverfisáhrif sorpförgunar á svæðum I og II á Stafnesi þar sem þau dugi í meira en 50 ár miðað við fyrirbyggjandi áætlun um árlegt magn förgunarefna. Hins vegar er eðlilegt að í breytingu á aðalskipulagi sé einnig gert ráð fyrir svæði III til að tryggja rými til lengri tíma en umhverfisáhrif förgunar á því svæði verði metin síðar.

Umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum

Í kafla 6.1 í tillögu að matsáætlun er greint frá að urðunin hafi hugsanlega áhrif á grunnvatn og að rannsóknir hafi verið gerðar af því tilefni og í kafla 9 greint frá að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir rannsóknum á lífríki í fjörum á Stafnesi. **Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja** bendir á að gera þurfi grein fyrir áætlun um umhverfissvöktun þar sem fylgst verði með hugsanlegri uppsöfnun þungmálma og þrávirkra efna í lífríki sjávar í námunda við urðunarstaðinn. Í svörum **framkvæmdaraðila** kemur fram að gerðar hafa verið mælingar á díoxín/fúran við rætur gamla haugsins á Stafnesi. Þar komi í ljós eins og segir í bréfi HES að díoxín/fúran mælist 1,5-2,1 TEQ pg/l (TEQ= Toxic equivalents, píkógrömm/lítra). Íslenskar drykkjarvatnskröfur gera ekki kröfu um hámarks magn díoxíns en EPA drykkjarvatnskröfur gera ráð fyrir að díoxín sé minna en 30 pg/l. Þá kemur fram að þegar hafi verið boraðar 3 holur skammt frá nýja urðunarstaðnum til þess að fylgjast með grunnvatni og efnasamsetningu þess. Framkvæmdaraðili telji að það sé fullnægjandi til eftirlits og staðsetning þessara hola hafi verið ákveðin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu verði að gera grein fyrir hvaða mælingum er gert ráð fyrir til öflunar bakgrunnsgilda og við síðari svöktun.

Í kafla 6.1 og 9 er fjallað um landslagsbreytingar er verða á urðunarsvæðinu og kemur fram að endanleg fyllingarhæð verði miðuð við að urðunarstaðurinn falli vel inn í umhverfið og það verði skýrt með hæðalínukortum. **Hollustuvernd ríkisins** telur að skilgreina þurfi haughæð nánar svo ljóst sé hversu hár haugurinn kemur til með að verða. **Í svörum**

frankvæmdaraðila kemur fram að hæð á urðunarstaðnum verði nánar skilgreind á teikningum sem fylgi matsskýrslunni og að hæðin verði væntanlega miðuð við að hægt verði að veita yfirborðsvatni út fyrir klettahryggi sem liggja sitt hvoru megin við urðunarsvæði, hluta I og II.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu sé, auk þess sem fyrirhugað er, æskilegt að sýna þversnið af landi er sýni núverandi hæðarlegu og hver endanleg hæð fyllinga er áformuð. Æskilegt sé einnig að breytingar á ásýnd lands séu sýndar á ljósmyndum teknum frá næstu íbúðar- eða frístundahúsum.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit: Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Páll Arnór Pálsson hrl.

Fylgiskjöl: Umsögn Reykjanesbæjar dags. 10. janúar 2002, Sandgerðisbæjar dags. 17. janúar 2002, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins dags. 14. janúar 2002, Fornleifaverndar ríkisins dags. 4. janúar 2002, Hafrannsóknastofnunarinnar dags. 7. janúar 2002, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja dags. 7. janúar 2002, Hollustuverndar ríkisins dags. 8. og 23. janúar 2002 og Náttúruverndar ríkisins dags. 9. janúar 2002. Athugasemd frá Páli Arnóri Pálssyni hrl. f.h. eigenda Stafnesbæja dags. 14. janúar 2002.